



Reykjavík, 19. desember 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls 2024—2027 og aðgerðaáætlun

Félag heyrnarlausra („félagið“) fagnar fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls 2024—2027 og aðgerðaáætlun, sbr. þingskjal 37 – 37. mál („tillagan“) en vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við Allsherjar- og menntamálanefnd.

II. Málstefna íslensks tákn máls

A. Íslenskt tákn máli í máltöku tákn máls barna verði lykillinn að framtíð þeirra.

Það er útbreidd skoðun, og raunar óumdeild, að markviss málörvun sé lykillinn að færni barna til framtíðar. Óþarfi er því að rekja það sérstaklega hversu mikilvægt það er að talað sé við tákn máls börn á móðurmáli þeirra á öllum skólastigum og þau fái markvissa málörvun á íslensku tákn máli til jafns við börn sem hafa íslensku að móðurmáli.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi og starfar samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og aðalnámskrá leikskóla útgefinni af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í 2. mgr. 2. gr. leikskólalaga er kveðið á um að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla sé meðal annars að veita „skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku“ og „að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“ Í lögskýringargögnum kemur fram að ekki sé mælt fyrir um réttindi ákveðinna hópa umfram aðra í lögnum sjálfum heldur eigi að kveða á um slík réttindi í þar til gerðum sérlögum – enda eigi slík lög við um tilgreinda hópa almennt, óháð skólastigi, aldri, búsetu eða öðrum takmörkunum. Tilgreint er sérstaklega að sama eigi við um réttindi tákn máls barna. Skýra ber því ákvæði 2. gr. leikskólalaga til samræmis við lög nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, þar sem kveðið er á um að málin séu jafnrétt há og óheimilt sé að mismuna einstaklingum eftir því hvort málið þeir nota. Tákn máls börn eiga því rétt á að njóta sömu málörvunar og börn sem eru með íslensku að móðurmáli.

Staðan er hins vegar sú að málumhverfi tákn máls barna er með engum hætti sambærilegt því umhverfi sem börn með íslensku að móðurmáli njóta hér á landi. Málumhverfi tákn máls barna á Íslandi er ótryggt með öllu og algerlega háð ytri aðstæðum og miðar ekki að þörfum tákn máls barna. Aukinheldur er ekki tryggt aðgengi tákn máls barna að móðurmálsfyrirmyndum á öllum stigum skólagöngu.

Foreldrar táknaálsbarna hafa mætt miklu skilningsleysi í þessu sambandi sem hefur leitt til þess að fjöldi fjölskyldna hafa flúið land til þess að tryggja börnum sínum aðgengi að betri þjónustu, menntun og þar með færni til framtíðar.¹

Félag heyrnarlausra bendir því á að nauðsynlegt sé að kveða á um það með skýrum hætti í málstefnu að lögð verði áhersla á aðgengi táknaálsbarna að ríku og tryggju málumhverfi með móðurmálsfyrirmyndum. Á það er bent í þessu samhengi að það að kunna táknaál er ekki það sama og að vera málhafi í íslensku táknaáli, þ.e. móðurmálsfyrirmynd.

III. Aðgerðaáætlun málstefnu íslensks táknaáls 2024—2027

Aðgerðir sem falli undir meginstoð A: Máltöku táknaálsbarna:

1. liður

Félag heyrnarlausra bendir á að ef barn greinist með skerta heyrn, heyrnarleysi eða samþætta sjón- og heyrnarskerðingu á það rétt á að læra og nota íslenskt táknaál frá greiningu eða jafnskjótt og máltaka hefst, skv. 3. gr. laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaáls. Sama rétt eiga aðstandendur barnsins. Börn eiga því rétt á því að aðgengi að íslensku táknaáli sé snar þáttur í snemmtækri íhlutun í þessu sambandi, en ekki þrautalending líkt og aðgerðin miðar að.

6. liður

Vísað er til „táknaálsstalandi barna“ – rétt er að gæta samræmis og vísa til „táknaálsbarna“ í öllum tilvikum.

Aðgerðir sem falli undir meginstoð D: Fjölgun umdæma íslensks táknaáls:

2. liður

Vísað er til þess að tryggja beri að endurmenntun táknaálsstúlka verði tryggð og sérhæfing innan fagstéttarinnar í samvinnu við hagsmunafélög og stofnanir sem koma að námi og störfum þeirra.

Félag heyrnarlausra bendir á í þessu sambandi að ekkert gæðaeftirlit er með táknaálsstúlkum á Íslandi og í raun ekkert í lögum sem tryggir gæði túlkunar. Upp hafa komið fjölmörg tilvik þar sem í ljós hefur verið leitt að táknaálsstúlkur er ekki starfi sínu vaxinn. Eðli máls samkvæmt getur rétt túlkun skipt sköpum, enda táknaálsstúlkurinn milligönguaðili í samskiptum heyrandi og táknaálsstalandi, hvort heldur um er að ræða í námi, samningaviðræðum eða læknaviðtali. Táknaálsstúlkur er ekki lögverndað starfsheiti sem gerir það að verkum að það er ekkert samræmt próf sem tryggir ákveðin lágmarksgæði og -kunnáttu, s.s. eins og sveinspróf til rafvirkja eða bifvélavirkja. Að fengnu B.A. prófi í táknaálsstúlkun, getur viðkomandi hafið störf sem táknaálsstúlkur, án þess að hafa fengið nokkra handleiðslu sem slíkur eða staðist hæfnispróf þar um.

Að mati Félags heyrnarlausra er því nauðsynlegt að samhliða framangreindri aðgerð verði starfsheiti táknaálsstúlks lögverndað í þeim tilgangi að tryggja gæði og færni starfandi táknaálsstúlka. Á það er bent í þessu sambandi að réttur til aðgangs að táknaálsstúlkun snýst ekki síður um gæði túlkunar – að öðrum kosti er réttinum ekki framfylgt.

¹ Sjá umfjöllun í fjölmiðlum: (A) <https://www.visir.is/g/20232393223d/fluid-land-med-heyrnar-laus-born-vegna-ad-gerdar-leysis-stjorn-valda> (B) <https://www.visir.is/g/20222291589d/ad-minnsta-kosti-thrjar-fjolskyldur-heyrnarlausra-barna-fluid-land-a-sidustu-tveimur-arum-vegna-thionustuleysis>

Virðingarfyllst,
f.h. Félags heyrnarlausra,

Karólína Finnbjörnsd.

Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður

Karólína Finnbjörnsdóttir

Lögmaður

Kt. 100984-2889